

Borgum v/ Norðurslóð
600 Akureyri
Sími 460-8900 Fax 460-8919
rha@unak.is
<http://www.rha.is>



RANNSÓKNA- OG ÞRÓUNARMÍÐSTÖÐ
HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Menntun og þjálfun heilbrigðis- starfsmanna varðandi sjúkraflutninga og bráðameðferð utan sjúkrahúss

September 2006

**Viðhorfskönnun meðal rekstraraðila
sjúkraflutninga**

HJÖRDÍS SIGURSTEINSDÓTTIR



Unnið fyrir:

**Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri (FSA),
Sjúkraflutningaskólann,
Háskólinn á Akureyri
Heilusklasa Vaxtarsamnings Eyjafjarðar
Norðurslóðaverkefni**

Efnisyfirlit

1. INNGANGUR	5
2. SÖFNUN GAGNA.....	6
2.1 FRAMKVÆMD OG HEIMTUR	6
2.2 ÚRVINNSLA.....	6
3. NIÐURSTÖÐUR	8
3.1 ALMENNAR UPPLÝSINGAR.....	8
3.2 SJÚKRAFLUTNINGAMENNTUN OG ÞJÁLFUN	9
3.3 BRÁÐATÆKNINÁM Á ÍSLANDI	12
4. LOKAORÐ.....	17
5. VIÐAUKI	18

Myndaskrá:

Mynd 1. Svarhlutfall.....	6
Mynd 2. Hvaða þjónustusvæði sjúkraflutninga tilheyrir þinn vinnustaður?	8
Mynd 3. Hvaða starfshópar koma að sjúkraflutningum á þínu svæði?	9
Mynd 4. Telur þú að starfsfólk þitt búi yfir nægri þekkingu og þjálfun til að undirbúa sjúklinga og eða stunda sjúkraflutninga?	9
Mynd 5. Telur þú að starfsfólk þitt búi yfir nægri þekkingu og þjálfun til að undirbúa sjúklinga og eða stunda sjúkraflutninga, greint eftir starfssvæði.	10
Mynd 6. Hvað finnst þér um þá menntun sem í boði er fyrir sjúkraflutningamenn?.....	10
Mynd 7. Hvað finnst þér um þá menntun sem í boði er fyrir sjúkraflutningamenn, greint eftir þjónustusvæði.	11
Mynd 8. Hvað finnst þér um endurmenntun fyrir hjúkrunarfræðinga og lækna?	12
Mynd 9. Hvað finnst þér um endurmenntun fyrir hjúkrunarfræðinga og lækna , greint eftir þjónustusvæði.	12
Mynd 10. Telur þú ávinning af því fyrir sjúkraflutningaþjónustuna í þinni heimabyggð að sjúkraflutningamenn eða aðrir sem sinna sjúkraflutningum öðlist menntun sem bráðatæknar?	13
Mynd 11. Telur þú ávinning af því fyrir sjúkraflutningaþjónustuna í þinni heimabyggð að sjúkraflutningamenn eða aðrir sem sinna sjúkraflutningum öðlist menntun sem bráðatæknar, greint eftir þjónustusvæði.....	13
Mynd 12. Hvaða ávinning telur þú helstan?.....	14
Mynd 13. Hvaða ávinning telur þú helstan, greindur eftir þjónustusvæðum.....	14
Mynd 14. Hversu langt telur þú að námstímabil bráðatæknináms eigi að vera?	15
Mynd 15. Hversu langt telur þú að námstímabil bráðatæknináms eigi að vera, greint eftir þjónustusvæði.	15
Mynd 16. Munt þú hvetja þína starfsmenn til að sækja nám í bráðatækni á Íslandi ef slíkt nám verður í boði?.....	16
Mynd 17. Ætlar þú að sækja um nám í bráðatækni á Íslandi haustið 2007/jan 2008 ef slíkt nám verður í boði, greint eftir aldri.	16
Mynd 18. Eftir ca. hve langan tíma?.....	16

1. Inngangur

Í þessari skýrslu er greint frá helstu niðurstöðum úr rannsókn sem gerð var nú í sumar meðal rekstraraðila sjúkraflutninga á Íslandi. Henni er ætlað að afla upplýsinga um menntun og þjálfun heilbrigðisstarfsmanna varðandi sjúkraflutninga og bráðameðferð utan sjúkrahúss. Jafnframt er leitað eftir upplýsingum varðandi undirbúning að fyrirhuguðu bráðatækninámi á Íslandi.

Að rannsókninni standa Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, Sjúkraflutningaskólinn, Háskólinn á Akureyri, heilsuklasi Vaxtar-samnings Eyjafjarðar og Norðurslóðarverkefni sem Sjúkraflutningaskólinn er þátttakandi í. RHA Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri í samvinnu við Sjúkraflutningaskólann annaðist framkvæmd könnunarinnar. Hildigunnur Svavarsdóttir, skólastjóri Sjúkraflutningaskólans hannaði spurningalistann sem lagður var fyrir svarendur RHA Rannsókn- og þróunarstofnun Háskólans á Akureyri annaðist fyrirögn og úrvinnslu könnunarinnar og af hennar hálfu bar Hjördís Sigursteinsdóttir sérfræðingur RHA ábyrgð á henni og er hún jafnframt höfundur skýrslunnar.


2. Söfnun gagna

Markmiðið með þessari rannsókn er að afla upplýsinga um menntun og þjálfun heilbrigðisstarfsmanna varðandi sjúkraflutninga og bráðameðferð utan sjúkrahúss. Tilgangurinn er að afla upplýsinga sem nýtast við undirbúning að bráðatækninámi á Íslandi.

2.1 Framkvæmd og heimtur

Könnunin náði til rekstraraðila sjúkraflutninga á Íslandi. Könnunin var framkvæmd á tímabilinu 9. ágúst til 11. september 2006. Um var að ræða lokaða vefkönnun þar sem þátttakendur fengu bréf með beiðni um þátttöku í könnuninni ásamt lykilorði. Tvær ítrekanir voru sendar þátttakendum.

Könnunin var send til 26 rekstraraðila og alls voru það 22 sem svöruðu könnuninni sem samsvarar 84,6% svarhlutfalli. Svarhlutfallið telst mjög gott í könnun sem þessari.



Mynd 1. Svarhlutfall.

2.2 Úrvinnsla

Í skýrslunni eru athuguð svör rekstraraðila við fjölmörgum spurningum sem ætlað er að meta menntun og þjálfun heilbrigðisstarfsmanna varðandi sjúkraflutninga og bráðameðferð utan sjúkrahúss og kanna hug til fyrirhugaðs náms í bráðatækni. Þessar spurningar eru greindar eftir starfssvæðum.

Við úrvinnslu gagna var tryggt að öll svör væru órekjanleg og að í öllu væri farið eftir reglum Persónuverndar um öflun og meðferð persónuupplýsinga.

Niðurstöður greininga eru settar fram í myndum og töflum sem sýna hlutfall og fjölda þeirra sem svara á tiltekinn hátt. Áreiðanleiki niðurstaðna var metinn með viðeigandi tölfræðilegum aðferðum í hvert sinn og var tekið mið af slíkri greiningu í umræðunni um tengsl milli svara við einstökum spurningum og þeirra bakgrunnspátta sem til skoðunar voru. Tölfræðileg úrvinnsla var unnin í SPSS en myndir og töflur í Excel.


3. Niðurstöður

Í þessum kafla er að finna niðurstöður úr greiningarvinnu vegna þessarar könnunar. Honum er skipt niður í þrjá undirkafla; (1) Almennar upplýsingar, (2) menntun og þjálfun og (3) bráðatæknánám.

3.1 Almennar upplýsingar


Í þessum hluta er fjallað um þjónustusvæði og þá starfshópa sem koma að sjúkraflutningum á því svæði. Spurt var tveggja spurninga varðandi þessa þætti.

Flestir þátttakendur í þessari könnun komu frá Vesturlandi, eða sex aðilar, fimm frá Norðurlandi eystra og fjórir frá Vestfirðum. Enginn sem svaraði könnuninni var frá Suðurlandi.



Mynd 2. Hvaða þjónustusvæði sjúkraflutninga tilheyrir þinn vinnustaður?

Hjá öllum svarendum nema einum komu sjúkraflutningamenn að sjúkraflutningaþjónustu á þeirra svæði. Hjá fimmtán aðilum komu læknar einnig að sjúkraflutningaþjónustunni og hjá tíu aðilum komu hjúkrunarfræðingar að henni. Hjá fimm aðilum komu aðrir einstaklingar að sjúkraflutningum en sjúkraflutningamenn, læknar eða hjúkrunarfræðingar.




Mynd 3. Hvaða starfshópar koma að sjúkraflutningum á þínu svæði?


3.2 Sjúkraflutningamenntun og þjálfun

Í þessum hluta er fjallað um menntun og þjálfun heilbrigðisstarfsmanna varðandi sjúkraflutninga og bráðameðferð utan sjúkrahúss.

Nær allir svaendur voru sammála því að þeir töldu að starfsfólks sitt byggji yfir nægri þekkingu og þjálfun til að undirbúa sjúklinga og eða stunda sjúkraflutninga. Aðeins einn rekstraraðili taldi þó svo ekki vera. Ástæðan sem hann gaf upp fyrir því var sú að starfsfólkið hafði ekki farið á viðeigandi námskeið.




Mynd 4. Telur þú að starfsfólk þitt búi yfir nægri þekkingu og þjálfun til að undirbúa sjúklinga og eða stunda sjúkraflutninga?




Mynd 5. Telur þú að starfsfólk þitt búi yfir nægri þekkingu og þjálfun til að undirbúa sjúklinga og eða stunda sjúkraflutninga, greint eftir starfssvæði.

Hvað varðar þá menntun sem í boði er fyrir sjúkraflutningamenn þá töldu tæp 64% svarenda að þeir væru ánægðir með fyrirkomulagið eins og það er í dag og einnig töldu tæp 64% að grunn- og endurmenntun fyrir sjúkraflutningamenn væri of dýr. Rúm 19% töldu að endurmenntun væri fátíð. Svarendum var gefinn kostur á að koma skoðunum sínum á framfæri varðandi þá menntun sem í boði er fyrir sjúkraflutningamenn. Það helsta sem þar kom fram var að bjóða þurfi upp á reglulega endurmenntun og að skipuleggja mætti endurmenntunina betur. Sjá svörin eins og þau komu fyrir í viðauka. Engin tengsl komu fram vegna þessarar spurningar og þjónustusvæðis.




Mynd 6. Hvað finnst þér um þá menntun sem í boði er fyrir sjúkraflutningamenn?




Mynd 7. Hvað finnst þér um þá menntun sem í boði er fyrir sjúkraflutningamenn, greint eftir þjónustusvæði.

Jafnframt var spurt hvað viðkomandi finnst um endurmenntun fyrir hjúkrunarfræðinga og lækna varðandi bráðameðferð utan sjúkrahúss. Átta svarendur voru sammála því að endurmenntun fyrir hjúkrunarfræðinga og lækna varðandi bráðameðferð utan sjúkrahúss sé fátíð. Sex aðilar voru ánægðir með fyrirkomulagið eins og það er í dag og aðrir sex töldu að grunn- og endurmenntun fyrir hjúkrunarfræðinga og lækna væri of dýr. Fjórir aðilar nýttu sér opinn svarmöguleika og greindu frá því þar að þeir þekktu ekki málið nógu vel til að meta það. Jafnframt kom þar fram að yfirmenn þurfi að þrýsta betur á með endurmenntun. Sjá svörin í viðauka eins og þau komu fyrir.

Engin tengsl var að finni milli þessarar spurningar og þjónustusvæðis.



Mynd 8. Hvað finnst þér um endurmenntun fyrir hjúkrunarfræðinga og lækna?




Mynd 9. Hvað finnst þér um endurmenntun fyrir hjúkrunarfræðinga og lækna, greint eftir þjónustusvæði.


3.3 Bráðatækninám á Íslandi

Í þessum hluta er fjallað um bráðatækninám á Íslandi, þ.e. ávinning af slíku námi, námslengd og viðhorf rekstraraðila til þess.

Nær 73% svarenda töldu ávinning af því fyrir sjúkraflutningaþjónustuna í sinni heimabyggð að sjúkraflutningamenn eða aðrir sem sinna sjúkraflutningum öðlist menntun sem bráðatæknar. Aðeins tveir svarendur töldu ekki ávinning af slíku og fjórir svöruðu að þeir vissu það ekki. Engin tengsl var að finna milli þessarar spurningar og þjónustusvæða.



Mynd 10. Telur þú ávinning af því fyrir sjúkraflutningaþjónustuna í þinni heimabyggð að sjúkraflutningamenn eða aðrir sem sinna sjúkraflutningum öðlist menntun sem bráðatæknar?




Mynd 11. Telur þú ávinning af því fyrir sjúkraflutningaþjónustuna í þinni heimabyggð að sjúkraflutningamenn eða aðrir sem sinna sjúkraflutningum öðlist menntun sem bráðatæknar, greint eftir þjónustusvæði.


Meiri hluti svarenda voru sammála um það að helsti ávinningur af því fyrir sjúkraflutningaþjónustuna heimabyggðinni, að sjúkraflutningamenn eða aðrir sem sinna sjúkraflutningum öðlist menntun sem bráðatæknar, að þjónustan yrði betri og öruggari fyrir sjúklinginn eða rúm 68%. Níu aðilar töldu að með því að sjúkraflutningamenn eða aðrir sem sinna sjúkraflutningum öðlist menntun sem bráðatæknar þá myndi samvinnan innan heilbrigðiskerfisins aukast sem væri til bóta auk þess sem fjórir töldu að með

Því yrði betri nýting á starfskröftum. Annað sem kom fram hjá svarendum var að það myndi auka sjálfstraust og færni starfsmanna og þar með öryggi heildarinnar.

Engin tengsl fundust milli þjónustusvæðis og þess hvað ávinning svarendur töldu af því að sjúkraflutningamenn eða aðrir sem sinna sjúkraflutningum öðlist menntun sem bráðataeknar.



Mynd 12. Hvaða ávinning telur þú helstan?




Mynd 13. Hvaða ávinning telur þú helstan, greindur eftir þjónustusvæðum.


Þeir tveir aðilar sem töldu engan ávinning leiða af því að sjúkraflutningamenn eða aðrir sem sinna sjúkraflutningum öðlist menntun sem bráðataekna svöruðu því til að ekki væri um nægilega marga sjúkraflutninga að ræða til að réttlæta slík nám. Jafnframt kom fram hjá þeim uggur um að erfitt yrði að viðhalda þekkingunni vegna fárra flutninga.

Meirihluti svarenda eða 55% taldi að námstímabil bráðatæknináms ætti að vera tvö ár sem hlutanám og hægt yrði að stunda vinnu með námi. Aðeins einn rekstraraðili taldi eitt ár sem fullt nám hæfilega lengd bráðatæknináms og fimm að fjögur ár sem hlutanám væri hæfilegt námstímabil. Einnig kom hér fram að best væri að ljúka slíku námi á sem stystum tíma. Sjá nánar í viðauka.

Ekki var hægt að sjá nein tengsl milli þjónustusvæðis og svara við þessari spurningu.



Mynd 14. Hversu langt telur þú að námstímabil bráðatæknináms eigi að vera?




Mynd 15. Hversu langt telur þú að námstímabil bráðatæknináms eigi að vera, greint eftir þjónustusvæði.


Að lokum var spurt hvort viðkomandi muni hvetja sína starfsmenn til að sækja nám í bráðatækni á Íslandi haustið 2007/janúar 2008 ef slíkt nám verður í boði.

Skemmst er frá því að segja að tæp 55% svarenda svaraði spurningunni játandi og fimm aðilar neitandi. Auk þess sem fimm aðilar svöruðu því til að þeim myndu hugsanlega síðar hvetja sína starfsmenn til að sækja nám í bráðatækni og þeir voru ekki vissir.

Engin tengsl var að finna milli þjónustusvæðis og þess hvort viðkomandi komi til með að hvetja sína starfsmenn til að sækja nám í bráðatækni.




Mynd 16. Munt þú hvetja þína starfsmenn til að sækja nám í bráðatækni á Íslandi ef slíkt nám verður í boði?



Mynd 17. Ætlar þú að sækja um nám í bráðatækni á Íslandi haustið 2007/jan 2008 ef slíkt nám verður í boði, greint eftir aldri.

Þeir sem svöruðu því til að þeir myndu hugsanlega síðar hvetja sitt starfsfólk til að sækna nám í bráðatækni voru spurðir eftir ca. hversu langan tíma. Tveir svöruðu eftir 2 ár og einn eftir fjögur ár.



Mynd 18. Eftir ca. hve langan tíma?

4. Lokaorð

Í þessari skýrslu er að finna niðurstöður úr könnun sem gerð var meðal rekstraraðila sjúkraflutninga á Íslandi varðandi menntun og þjálfun heilbrigðisstarfsmanna varðandi sjúkraflutninga og bráðameðferð utan sjúkrahúss.

Þátttaka í könnuninni var mjög góð var svarhlutfallið 84,4%. Skýrslan gefur góða mynd af menntun og þjálfun heilbrigðisstarfsmanna í sjúkraflutningum og bráðameðferð utan sjúkrahúss. Einnig er í henni að finna upplýsingar sem nýtast geta við undirbúning að fyrirhuguðu bráðatækninámi.

5. Viðauki

Hvað finnst þér um þá endurmenntun sem í boði er fyrir sjúkraflutningamenn?

- Þjóða þarf upp á reglulega endurmenntun í samræmi við það menntunarstig/reynslu sem er á hverju svæði fyrir sig. Þjóða upp á "sérnámskeið" til að brjóta upp endurmenntun, ekki bara endurmenntun heldur framhald, s.s. BTLS, ACLS o.fl.
- Grunnnámskeiðið og endurmenntunarnámskeiðin eru dýr. Rekstraraðilar/nemendur þurfa að miklu leiti að prenta út "útbíti" og verða sér úti um annað námsefni. Nemendur lát illa af fjarnámi og kvarta yfir lélegri skipulagningu--þetta ætti að vera hægt að bæta til muna!
- Í góðum höndum og farvegi

Hvað finnst þér um endurmenntun fyrir hjúkrunarfræðinga og lækna?

- Á mínu starfssvæði er það í höndum heilbrigðisstofnunar um hvað námskeið eru í boði hverju sinni
- Ekki er nóg að senda upplýsingar um endurmenntun til lækna og hjúkrunarfræðinga. Það eru rekstraraðilar sem taka ákvarðanir og margir fagaðilar eru ekki tilbúnir í endurmenntun nema fyrir þrýsting frá yfirstjórn. Senad líkasem sagt á forstöðumenn stofnana.
- Þekki ekki málið hjá þeim.
- Þekki það ekki nægilega vel !

Hvaða annar ávinningur er af því fyrir sjúkraflutninga-þjónustuna í þinni heimabyggð að sjúkraflutningamenn eða aðrir sem sinna sjúkraflutningum öðlist menntun sem bráðatæknar?

- Eykur sjálfstraust starfsmannsins og færni til að starfa sjálfstætt
- Hærra menntunarstig eykur öryggi heildarinnar sem starfa við sjúkraflutninga

Af hverju er ekki ávinningur af því fyrir sjúkraflutninga-þjónustuna í þinni heimabyggð að sjúkraflutningamenn eða aðrir sem sinna sjúkraflutningum öðlist menntun sem bráðatæknar?

- Gott samstarf við lækna sem eru með í ÖLLUM kúrisum útköllum. Kostnaður við að halda við þessu námi er mikill. Þar sem flutningar eru ekki það tíðir er hættu á að þetta nám glatist smá saman nema með kostnaðarsömum endurmenntunarnámskeiðum.
- Sjúkraflutningamenn eru ekki oft í útköllum og því myndi ekki vera nægileg þjálfun í boði fyrir þá til að viðhalda þekkingunni, þegar þeir væru komnir með menntunina.

Hversu langt á námstímabilið að vera?

- eitt ár sem hlutanám og með vinnu
- Erfitt að segja--best væri að ljúka þessu á sem stystum tíma, Tel rétt að gefa sjúkraflutningamönnum tækifæri á launalausú frí þann tíma og meta síðan þessa menntun til launa þannig að þessi menntun sé arðvænleg (fjárfesting) fyrir viðkomandi og hagkvæmari fyrir rekstraraðilann. Það er mikil mismunun í þjófélaginu þegar opinberar stofnannir standa straum af kostnaði og launum sinna starfsmanna--löngu úrelt og síðlaust gagnvart hinum sem þurfa að sækja iðnmenntun--háskólamenntun eða námskeið.
- þarf að meta það með tilliti til þess hvort hluti af náminu eða þjálfuninni sé erlendis.